Vísindasjóður FF og FS
Borgartúni 30, 105 Reykjavík
visffogfs@ki.is S: 595-1118

B-deild

Vísindasjóður FF og FS skiptist í tvær deildir, A-deild og B-deild. Markmið sjóðsins er að auka tækifæri félagsmanna til framhalds- og endurmenntunar. Tekjur sjóðsins eru 1,72% kjarasamningsbundið framlag launagreiðenda af dagvinnulaunum sjóðfélaga. Uppistaðan í B deild er tæplega 1/6 af 1,5% framlagi launagreiðanda, fyrndar upphæðir í A deild og 0,22% viðbótarframlag launagreiðanda.

Reglur B-deildar

Framhaldsnám á háskólastigi er styrkhæft (ECTS einingar). Eingöngu er miðað við viðurkennda skóla. Sjóðstjórn metur hvort námið er styrkhæft eða jafngilt háskólanámi.

Réttindanám, þ.e. nám sem þarf til að ljúka lágmarks prófgráðu sem gefur kennsluréttindi (BA, BS gráður), telst **ekki** endur- eða viðbótarmenntun og er því ekki styrkhæft. Nám á framhaldsskólastigi og starfsréttindanám (t.d. leiðsögunám) er ekki styrkhæft. Um slíkt er hægt að sækja í A-deild.

Veittir eru styrkir vegna fagtengdra ráðstefna / námskeiða og skólaheimsókna **hópa.**

Sjóðfélagar, sem hljóta námsorlof, geta sótt um styrk til sjóðsins.

Sjóðurinn tekur **ekki** þátt í að styrkja Nordplus, Leonardo, Comeniusarverkefni eða samsvarandi verkefni.

Styrkur er aldrei **hærri** en reikningar fyrir útlögðum kostnaði hljóða upp á.

Kvittanir vegna leigubíla, matsölustaða, aðgöngumiða að söfnum, leikhúsum o. fl. eru **ekki nothæfar**.
Ferðakostnaður vegna styrkhæfrar endurmenntunar er greiddur úr sjóðnum, þó aldrei umfram hámarksstyrk.

Kvittanir mega ekki vera eldri en 12 mánaða.

Aðeins má sækja um einu sinni fyrir hvert verkefni. Styrkir eru ekki greiddir í áföngum.

Umsókn er synjað ef 12 mánuðir eru liðnir frá því styrkhæfu verkefni eða námi lauk.

Réttindi

Réttindi stofnast þegar viðkomandi félagi í FF eða FS hefur greitt iðgjöld í sjóðinn í 6 mánuði samfellt. Einungis virkir sjóðfélagar eiga rétt á styrk úr sjóðnum. Endurmenntun sem hefst og fer fram eftir að félagi hefur áunnið sér rétt í B deild og fellur að öðrum reglum sjóðsins er styrkhæf.

Hlutfallsleg réttindi: Réttindi í B deild eru miðuð við starfshlutfall.

Vísindasjóður FF og FS
Borgartúni 30, 105 Reykjavík
visffogfs@ki.is S: 595-1118

Launalaust leyfi: Félagsmaður sem fer í launalaust leyfi og nám getur viðhaldið réttindum sínum enda haldi hann félagsréttindum sínum í FF eða FS og iðgjald hafi sannanlega borist sjóðnum.

Fæðingarorlof: Til þess að viðhalda réttindum sínum þarf félagsmaður sannanlega að greiða í sjóðinn meðan á fæðingarorlofi stendur.

Félagsmaður þarf að vera sjóðfélagi þegar sótt er um styrk, þ.e. **réttindi falla niður þegar iðgjöld hætta að berast sjóðnum**.

Hámarksúthlutun úr B deild eru kr. 600.000 á fjögurra ára tímabili. Styrkir til mismunandi verkefna eru bundnir við ákveðnar fjárhæðir innan þess ramma, sjá nánar hér á eftir.

Tegundir styrkja

Í B deild eru fjórar tegundir styrkja:

1. Loknar ECTS einingar
2. Skólaheimsóknir
3. Einstaklingsstyrkir (námskeið, ráðstefna, sýning)
4. Námsorlof

Mismunandi hámark styrkupphæðar er í hverri undirdeild fyrir sig en heildarupphæð styrkja í B deild má aldrei fara yfir 600.000 kr. á hverjum fjórum árum.

Umsókn

Sótt er um í gegnum *Mínar síður* á heimasíðu KÍ að endurmenntun lokinni. Umsækjandi fær staðfestingu á að umsókn hafi skilað sér með því að á skjáinn koma skilaboð með afgreiðslunúmeri umsóknarinnar.

Með umsókn skulu berast tilskilin gögn ásamt kostnaðaryfirliti í viðhengi um sundurliðuð útgjöld.

Umsækjendur eru beðnir um að tilgreina nákvæmlega til hvers styrknum er varið.
Ef aðrir styrkja verkefnið fjárhagslega eiga þær upplýsingar að fylgja með umsókn, t.d. vinnuveitandi, Samstarfsnefnd um endurmenntun framhaldsskólakennara (SEF), fagfélög, mennta- og menningarmálaráðuneytið eða aðrir, enda hefur það áhrif á úthlutun úr sjóðnum.

Greiðslur styrkja

Styrkir eru greiddir þegar öll viðeigandi gögn hafa borist sjóðnum. Greiðslur fara fram að afloknu námskeiði eða ráðstefnu gegn framvísun frumrita reikninga (á pappír eða rafræn) og annarra gagna sem sýna að styrkurinn hafi nýst til þess sem honum var ætlað

Hægt er að sækja um styrk vegna skólaheimsóknar og sýningar um leið og greiðslukvittun og gild gögn liggja fyrir. Sjá nánar reglur um einstaka styrki.

Vísindasjóður FF og FS
Borgartúni 30, 105 Reykjavík
visffogfs@ki.is S: 595-1118

Eingöngu eru veittir styrkir út á **frumeintök** reikninga, kvittana eða annarra gagna sem stíluð eru á umsækjanda sjálfan. Ekki er hægt að framvísa gögnum sem stíluð eru á maka eða annan aðila.

Umsækjendum um styrk vegna ráðstefna, námskeiða og sýninga er bent á kynna sér vel þær reglur sem gilda um skil á frumgögnum og staðfestingum sem hér fara á eftir. Það er á ábyrgð umsækjanda sjálfra að afla góðra og gildra gagna.

Styrkfé má aldrei nota til að mæta útgjöldum sem félagsmanni ber að fá eða fær greiddan af vinnuveitanda eða öðrum aðila.

Úthlutunarreglur

1. Einingabært nám - ECTS

Félagsmaður sem sækir háskólanám eða sambærilegt nám vegna viðbótar- eða endurmenntunar sem stjórn metur styrkhæft, getur sótt um styrk vegna þess náms. Styrkurinn er 5.000 krónur á hverja staðna ECTS, að hámarki 60 ECTS, eða kr. 300.000 á hverjum fjórum árum.

Með umsókn skal skila vottorði frá viðkomandi skólastofnun sem staðfestir námsleið og fjölda lokinna eininga. Námið þarf að hafa farið fram á síðustu tveimur árum.

2. Skólaheimsóknir hópa

Styrkir vegna skólaheimsókna hópa eru eingöngu veittir vegna ferða sem skipulagðar eru fyrir hópa kennara innan sama skóla/vinnustaðar. Umsóknum um styrki vegna ferða sem eru skipulagðar af aðilum/félögum utan skóla verður hafnað.

Skólaheimsókn skipulögð af einstaklingi sem fer á eigin vegum er ekki styrkt.

Dagskrá skólaheimsókna skal ná yfir tvo heila daga og að minnsta kosti tveir skólar skulu heimsóttir. Skipulag ferðar skal borið undir sjóðstjórn fyrirfram í þeim tilgangi að fá staðfestingu sjóðstjórnar á styrkhæfi viðkomandi skólaheimsóknar. Sjóðsstjórn metur hvort skólaheimsókn er styrkhæf.

Hafi sjóðstjórn ekki staðfest styrkhæfi skólaheimsóknar fyrirfram verður umsókn hafnað**.**

Til að hægt sé að meta styrkhæfi umsóknar skóla þarf sjóðnum að berast:

1. Dagskrá fyrirhugaðrar ferðar.
2. Staðfesting frá forsvarsmönnum skóla þar sem kemur fram að tekið verði á móti hópnum.
3. Listi yfir sjóðfélaga sem hyggjast fara í viðkomandi ferð.

Æskilegt er að framangreindar upplýsingar berist sjóðnum með góðum fyrirvara, a.m.k. 3 mánuðum fyrir brottför.

Vísindasjóður FF og FS
Borgartúni 30, 105 Reykjavík
visffogfs@ki.is S: 595-1118

Vinsamlegast takið fram ef aðrir aðilar styrkja verkefnið því þeir styrkir dragast frá styrk Vísindasjóðs FF og FS**.**

Styrkur vegna skólaheimsókna er að hámarki kr. 130.000, samkvæmt starfshlutfalli. Styrkur verður aldrei hærri en reikningar fyrir útlögðum kostnaði hljóða upp á meðan skólaheimsókn varir**.**

Félagsmaður sækir um á *Mínum síðum* og skilar með umsókn gildum reikningum vegna ferðakostnaðar og gistingar ásamt kostnaðaryfirliti.

Áréttað er að kvittanir vegna leigubíla, matsölustaða, aðgöngumiða að söfnum, leikhúsum o.fl. eru ekki nothæfar í þessu sambandi. Ferðakostnaður innanlands er styrkhæfur, þó aldrei umfram hámarksstyrk. Ef eigin bifreið er notuð í slíkum tilvikum er notað kílómetragjald skv. reglum Sjúkratrygginga Íslands um ferðakostnað (frá 1. október 2019), þ.e. 31,61 krónu á hvern ekinn kílómetra.

Styrkhæf útgjöld eru ferðakostnaður og gisting meðan skólaheimsókn stendur (hámark 5 gistinætur).

Að ferð lokinni skal skipuleggjandi ferðar og einn ábyrgðarmaður skila inn endanlegum og staðfestum lista yfir þá sem fóru í viðkomandi ferð og staðfestingu á að heimsóknirnar hafi farið fram**.**

Tvö ár þurfa að líða milli skólaheimsókna, miðað er við greiðsludagsetningu síðustu úthlutunar félagsmanns til skólaheimsóknar.

3. Einstaklingsstyrkur - námskeið, ráðstefna

Námskeið eða ráðstefna sem stendur að lágmarki í 2 daga eru styrkhæf í sjóðnum ásamt skóla- eða skráningargjöldum við viðurkennda háskóla erlendis. Styrkupphæð getur verið allt að kr. 300.000 á hverjum tveimur árum. Miðað er við greiðsludagsetningu síðustu úthlutunar. Rétt er að ítreka að hámarksstyrkur úr sjóðnum getur þó aldrei orðið hærri en kr. 600.000 úr B deild á hverjum fjórum árum.

Ráðlagt er að sækja um vilyrði fyrir styrk til sjóðstjórnar áður en farið er á námskeið eða ráðstefnu.

Styrkir eru veittir vegna:

1. Ferðakostnaðar (til og frá ráðstefnustað / menntastofnunar).
2. Gistingar þann tíma sem ráðstefna/námskeið stendur.
3. Ráðstefnugjalda / námskeiðsgjalda.
4. Skólagjalda við háskóla erlendis sem viðurkenndur er af sjóðsstjórn.

Ef sótt er um styrk vegna ferðakostnaðar skal farseðill/reikningur fyrir flugi og/eða staðfesting ferðakostnaðar fylgja umsókn.

Vísindasjóður FF og FS
Borgartúni 30, 105 Reykjavík
visffogfs@ki.is S: 595-1118

Ef sótt er um styrk vegna gistingar skal frumrit reiknings frá gististað fylgja með styrkumsókn og skal reikningur/kvittun vera á nafni umsækjanda. Að hámarki eru greiddar 5 gistinætur.

Umsækjendum er bent á að biðja sérstaklega um frumrit reiknings, með kvittun eða lausa kvittun fyrir greiðslu en rafrænar kvittanir eru einnig gildar. Athugið að staðfesting á bókun er að öllu jöfnu ekki jafnframt reikningur.

Ef sótt er um styrk vegna ráðstefnugjalds/námskeiðsgjalds skal frumrit reiknings fylgja með styrkumsókn. Umsækjendum er bent á að biðja sérstaklega um frumrit reiknings með kvittun eða lausa kvittun fyrir greiðslu og getur hún verið annað hvort á pappír eða rafræn.

Öllum umsóknum skal fylgja þátttökustaðfesting og/eða aðgangspassi að ráðstefnu (frumgagn) og/eða yfirlýsing um að námskeið hafi verið sótt.

Einstaklingsstyrkur: sýning
Styrkur til að fara á sýningu, s.s. Bett, World Skills eða sambærilega, er veittur einu sinni á tveggja ára fresti. Miðað er við greiðsludagsetningu síðustu úthlutunar. Hámarksstyrkur er kr. 130.000 og gilda að öðru leyti sömu reglur og um ráðstefnur og námskeið.

4. Námsorlof

Styrkur vegna orlofs í heilt ár, þar sem styrkþegi er við nám á Íslandi, er að hámarki kr. 400.000.

Styrkur vegna orlofs í heilt ár, þar sem styrkþegi er við nám erlendis, er að hámarki kr. 500.000.

Sjóðstjórn er heimilt að reikna styrkinn hlutfallslega miðað við lengd orlofs og samspil námstíma hér heima og erlendis. Umsóknir má senda inn við upphaf orlofsárs og verða styrkir greiddir þegar námsorlofsnefnd hefur upplýst sjóðinn um orlofsþega viðkomandi starfsárs. Umsækjendur skila staðfestingu frá námsorlofsnefnd og kvittun fyrir greiðslu skólagjalda.

Sækja þarf um styrk vegna námsorlofs innan 12 mánaða frá því að orlofi lýkur.

Vísindasjóður FF og FS
Borgartúni 30, 105 Reykjavík
visffogfs@ki.is S: 595-1118

Styrkhæft í B deild	Hámarksupphæð styrks	Skilyrði greiðslu
Námskeið og ráðstefnur erlendis eða innanlands, sýningar	300.000 kr. annað hvert ár	Staðfesting á þátttöku og kvittanir fyrir útlögðum kostnaði. Með ráðstefnuumsókn þarf að fylgja dagskrá og kostnaðaráætlun.
Nám á háskólastigi samhliða starfi	5.000 kr. fyrir hverja lokna einingu	Staðfesting frá skóla. Hámark 60 ETCS (60*5.000 = 300.000).
Skólaheimsókn	130.000 kr. annað hvert ár	Samþykkja þarf ferð fyrir fram. Staðfesting skólaheimsókna þarf að hafa borist frá skipuleggjendum ferðar. Skila þarf kvittunum fyrir kostnaði umsækjanda.
Námsorlof í útlöndum - heilt ár	500.000 kr.	Staðfesting á námsleyfi og skólavist.
Námsorlof á Íslandi - heilt ár	400.000 kr.	Staðfesting á námsleyfi og skólavist

Stjórn Vísindasjóðs FF og FS, stjórn FF og stjórn FS samþykkja þessar reglur 1. janúar 2020 og þær taka þegar gildi.